

**Mál nr. 194/2015**  
**K og**  
**vátryggingafélagið V v. frítímaslysáttryggingar**

**Tilkynningarfrestur skv. 124. gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004.**

**Gögn.**

1. Málskot móttekið þann 21. maí 2015 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V frá 8. júní 2015.
3. Tölvupóstur frá málskotsaðila frá 15. júní 2015.

**Málsatvik.**

K lenti í frítímaslysi þann 6. desember 2011 þegar hann spilaði knattspyrnu við félagi sína í íþróttahúsi Réttarholtsskóla. Ætlaði hann að teygja vinstri fót eftir bolta en þá kom hnykkur á hægri hné.

Daginn eftir slysið leitaði K á neyðarmóttöku Landsspítalans í Fossvogi. Segulómun var gerð 30. desember 2011 og greindist þá brjóskaðverki með bjúgbreytingum í beini og var það á utanverðu hnénu lærbeinsmegin, beinflís sem virtist vera laus þar í hnénu. K fór sjálfur í þjálfun, auk sjúkraþjálfunar, sem ekki skilaði árangri. Fór hann þá í liðspeglunaraðgerð 12. apríl 2012 þar sem staðfestur var stór áverki á brjósk í utanverðu hnénu. Samkvæmt læknisvottorði var K þokkalegur í upphafi en síðan fór að bera á endurtekinni vökvæðun í hnénu en eftir segulómun í febrúar 2013 komu í ljós stórar liðmýs og var ákveðið að gera nýja speglun 12. mars 2013, þar sem þær voru fjarlægðar. Rúmri viku eftir aðgerðina leið K vel en tekið er fram í vottorði læknis að batatíminn gæti þó verið langur.

V var tilkynnt um slysið þann 24. september 2013. Með bréfi þann 28. maí 2014 hafnaði V bótaskyldu úr frítímaslysáttryggingu K hjá V. Grundvöllur höfnunar V var að K hefði mátt vera ljóst í kjölfar liðspeglunaraðgerðar þann 12. apríl 2012 að um alvarlegan áverka væri að ræða og þá hefði ársfrestur 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 byrjað að líða. Þar sem K var ósammála þessum rökum V var málinu skotið til úrskurðarnefndarinnar.

**Álit.**

Í 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga kemur fram að sá sem rétt á til bóta samkvæmt slysáttryggingu, sjúkratryggingu eða heilsutryggingu með eða án uppsagnarréttar glatar þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á.

K telur m.a. að frestur samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laganna hafi ekki byrjað að líða fyrr en í kjölfar seinni aðgerðarinnar, þ.e. eftir 12. mars 2013, þar sem að þá hafi hann fyrst fengið vitneskju um þau atvik sem krafa hans er reist á. Það er afstaða V að K hafi haft vitneskju um þau atvik sem leitt gætu til bótaréttar í síðasta lagi í kjölfar aðgerðar þann 12. apríl 2012.

Ekki verður fallist á með K að ársfresturinn hafi byrjað að líða þann 12. mars 2013, þ.e. í kjölfar seinni aðgerðar. Miðað við öll gögn málsins verður að telja að K hafi mátt vera ljóst að áverki sem kom fram í segulómun í nóvember 2011 og staðfestur í liðspeglun í apríl 2012 hafi verið þess eðlis að krafa gæti verið reist á afleiðingum hans. Var árstilkynningarfrestur 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga liðinn þegar K tilkynnti V um slysið í september 2013.

**Niðurstaða.**

K á ekki rétt á bótum úr frítímaslysáttryggingu hjá V.

Reykjavík, 3. júlí 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.